

Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Húnavatns-sýslu: **um manntalsþing í Húnavatnssýslum.**

Ráðuneytið vísar til bréfa yðar, herra sýslumaður, dags. 28. júní og 23. desember f. á., varðandi tillögur yðar ásamt samþykktum sýslunefnda Austur- og Vestur-Húnavatnssýslna um manntalsþing í Húnavatnssýslum.

Með vísun til 38. gr. laga nr. 85 1936 um meðferð opinberra mála, sbr. 10. gr. laga nr. 29 1981, samþykkir ráðuneytið hér með, að manntalsþing í Húnavatnssýslum verði framvegis eitt í hvorri sýslu. Fellur þá niður sú skipan mála, sem ákveðin var með bréfum ráðuneytisins, dags. 19. janúar og 8. febrúar 1982.

5. júní 1984

Nr. 269

REGLUGERÐ

um laun skipaskoðunarmanna ríkisins, sem ekki eru á föstum launum.

1. gr.

Aðalskoðun.

Fyrir árlega aðalskoðun á búnaði, vél og bol skips greiði sýslumenn eða bæjarfógetar f. h. ríkissjóðs, laun svo sem hér segir til skipaskoðunarmanna, gegn reikningi þeirra:

| | | |
|--|----------|-----|
| Fyrir opinn bát | 276,00 | kr. |
| Fyrir þilfarsskip minna en 25 rúml. | 529,00 | |
| Fyrir þilfarsskip 25 rúml. allt að 100 rúml. | 834,00 | |
| Fyrir þilfarsskip 100 rúml. allt að 250 rúml. | 1 156,00 | |
| Fyrir þilfarsskip 250 rúml. allt að 500 rúml. | 1 587,00 | |
| Fyrir þilfarsskip 500 rúml. allt að 1600 rúml. | 2 622,00 | |
| Fyrir þilfarsskip 1600 rúml. og stærri | 3 134,00 | |

Að auki greiðist skoðunarmönnum útlagður kostnaður, svo sem akstur og símakostnaður skv. reikningi.

Pegar skipta þarf launum, skal það gert þannig, að fyrir búnaðarskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir vélaskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti og fyrir bolskoðun greiðist $\frac{1}{3}$ hluti.

Hálf rúmlest eða meira telst heil, en minna broti skal sleppt.

2. gr.

Aukaskoðun, eftirlit með nýsmíði o. fl.

Fyrir aukaskoðun, mælingu skipa, eftirlit með nýsmíði, viðgerðum og breytingum greiðist samkvæmt reikningi skoðunarmanna, sama gildir um ferðakostnað.

Skal greiðslan miðuð við tímakaup fastráðinna skoðunarmanna Siglingamálastofnunar fyrir dag- eða yfirvinnu, eftir því sem við á hverju sinni.